

EFTIRLITSSKÝRSLA



Sorpeyð.st Suðurnesja, Kalka Kalka, Berghólabraut, Helguvík

Dags eftirlits	21.4.2015	Fulltrúi UST	Sigríður Kristjánsdóttir
Fyrirtæki	Sorpeyð.st Suðurnesja, Kalka	Fulltrúi UST	Sigrún Ágústsdóttir
Heimili	Berghólabraut 7	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5312780469	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Norðfjörð	ÍSAT nr.	38.21.0,38.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Ingbór Karlsson	Staðsetning	325484,211 396471,342

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Bætt hefur verið úr eða samþykkt áætlun vegna frávíka síðasta árs. Eitt nýtt frávik er skráð vegna niðurstöðu reglubundinna mælinga í útblæstri en ryk mælist yfir losunarmörkum í grein 2.21 í starfsleyfi. Athugasemdir eru gerðar vegna niðurstöðu símaælinga.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var umfangið sem hér segir.

1. Farið yfir niðurstöður síðasta eftirlits og viðbrögð við því
2. Rætt um meðhöndlun sóttmengaðs úrgangs og tillögur til úrbóta varðandi mötun
3. Farið yfir útblástursmælingar, símaælingar og árlegar mælingar og kýrslugjöf til Umhverfisstofnunar skv. starfsleyfi
4. Skoðun á svæðinu.

Unnið hefur verið úr athugasemdum frá síðasta eftirliti. Búið er að tengja fráveitu frá athafnasvæði Kólku inn á fráveitu Reykjanesbæjar, tekin hafa verið sýni úr fráveitu og niðurstöður sendar til Umhverfisstofnunar. Lagnir hafa nýlega verið hreinsaðar og olíuskilja tæmd. Nótur vegna þessa eru aðgengilegar. Umhverfisstofnun hefur nýlega fengið sendar lagnateikningar af athafnasvæðinu.

Farið var yfir tillögur frá sóttvarnalækni að breyttu verklagi vegna mötunar á sóttmenguðum úrgangi. Unnið er að því að skipta út bakka sem tekur við affalli frá mötunarbúnaði fyrir poka sem fjarlægðir verða reglulega. Þá verður unnið að verklagsreglum varðandi umgengni við mötunarbúnað og þrifaáætlun gerð. Lokaðir pokum sem innihalda sóttmengaðan úrgang er komið fyrir í gryfju í lok dags um kl. 17.00 þegar umferð um svæðið er minnst og geymdur þar í 8-10 klst. þar til hann er brenndur. Með þessum hætti er leitast við að hindra blöndun sóttmengaðs úrgangs við annan úrgang sbr. skilyrði 2.8 í starfsleyfi.

Búið er að taka saman niðurstöður símaælinga síðasta árs. Alls var farið 21x yfir mörk fyrir dagleg meðalgildi fyrir HCl, 6x yfir dagleg meðalgildi fyrir SO₂, þrisvar sinnum yfir dagleg gildi fyrir CO og 7 sinnum yfir dagleg meðalgildi fyrir NO_x. Um er að ræða minnkun samanborið við árið í fyrra. Rekstraraðili vísar til þess að HCl efni berist með úrgangi frá sjúkrastofnunum sem eru í lokuðum umbúðum frá móttöku til förgunar. Einnig berist þessi efni í nokkrum mæli með heimilisúrgangi. Athugandi er að koma á framfæri tilmælum um takmörkun á klórinnihaldi úrgangs við móttöku á úrgangi til förgunar í stöðinni. Umhverfisstofnun benti jafnframt á að framundan er innleiðing á nýrri tilskipun um losun mengunarefna frá iðnaði sem kann að hafa áhrif á losunarmörk.

Reglubundnar mælingar á mengunarefnum í útblæstri voru gerðar í febrúar. Niðurstöður mælinga voru sendar til Umhverfisstofnunar stuttu eftir að eftirliti lauk. Allir mælipættir nema ryk voru í samræmi við kröfur í starfsleyfi. Ryk mældist að meðaltali 60,2 mg/Nm³ en losunarmörk eru 10 mg/Nm³ miðað við dagleg meðalgildi eða 30 mg/Nm³ fyrir 30 mín meðaltal.

Grænt bókhald og ársskýrsla Kólku voru afhent við eftirlit. Skýrsla um magn úrgangs 2014 barst stofnuninni stuttu eftir að eftirliti lauk. Rætt var um meðhöndlun á óvirkum úrgangi, gleri, klósettum og öðru slíku sem berst til Kólku. Klósettum, vöskum og gífsi er ráðstafað til urðunar í Álfsnesi, múrbrot og öðrum líkum úrgangi er komið fyrir á tipp.

Gengið var um athafnasvæði Kólku. Áætlun um að meðhöndla botnösku er í vinnslu samhliða vinnslu við nýtt starfsleyfi. Á meðan er botnaska geymd í takmörkuðu magni á athafnasvæði Kólku. Best færi ef slík geymsla færi fram á steypu plani með fráveitukerfi, en núverandi geymslusvæði er malarplan.

Flugaska er geymd úti á athafnasvæði Kólku, þar er hún plöstuð og geymd á malbikuðu plani. Sorpeyðingarstöð Suðurnesja hefur fest kaup á geymsluhúsnæði fyrir flugösku og stefnt er að því að flugaska verði geymd þar, þar til hún verður flutt út í sekkjum til meðhöndlunar í Noregi. Búið er að gera samning við meðhöndlunaraðila í Noregi. Bruna og þjófavarnakerfi verður komið fyrir í húsinu.

Merkingar voru í lagi á gámasvæði en athugasemd var gerð við þær í síðasta eftirliti.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Grein 2.21 í starfsleyfi um losunarmörk í útblæstri	Í reglubundinni mælingu frá 2. febrúar s.l. mælist rykmagn í útblæstri að meðaltali 60,2 mg/Nm ³ en losunarmörkin eru 10 mg/Nm ³ fyrir dagleg meðalgildi en 30 mg/Nm ³ fyrir 30 mín gildi.

ATHUGASEMDIR

Niðurstöður símælinga sýna að HCl, SO₂, CO og NO_x fara yfir mörk um dagleg meðalgildi skv. starfsleyfi. Þó má merkja fækkun í yfirskotum miðað við fyrri ár. Áfram þarf að halda á sömu braut og vakta vel símælingar.

ANNAÐ

Reykjavík, 02.07.2015



Sigríður Kristjánsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.